

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/2017****2019/EES/49/21**

frá 18. desember 2018

um leyfi til að setja á markað síróp úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu. Hefðbundin matvæli frá þriðja landi eru nýfæði eins og skilgreint er í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.
- 2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾ um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.
- 3) Samkvæmt 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu hefðbundinna matvæla frá þriðja landi á markað í Sambandinu. Hinn 5. apríl 2018 sendi fyrirtækið Sorghum Zrt. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um þá fyrirætlun sína að setja síróp úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi í skilningi 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn fór fram á leyfi til að almenningur neyti síróps úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench sem slíks eða sem innihaldsefnis í matvælum.
- 4) Skjalfestu gögnin, sem umsækjandinn lagði fram, sýna fram á að síróp úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench hafi reynst öruggt til notkunar sem matvæli í Bandaríkjunum.
- 5) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 framsendi framkvæmdastjórnin gildu tilkynninguna til aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 30. apríl 2018.
- 6) Engin tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi þess að setja síróp úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench á markað í Sambandinu bærust framkvæmdastjórninni frá aðildarríkjunum eða Matvælaöryggisstofnuninni innan fjögurra mánaða tímabilsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.
- 7) Því ætti framkvæmdastjórnin að leyfa setningu síróps úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench á markað í Sambandinu og uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði.
- 8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Síróp úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 323, 19.12.2018, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtuð. ESB L 327, 11.12. 2015, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtuð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Síróp úr <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench (Hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	Ekki tilgreint	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „síróp úr dúrru (<i>Sorghum bicolor</i>)“.	

2) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Síróp úr <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench (Hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	<p>Lýsing/Skilgreining</p> <p>Hefðbundnu matvælin eru síróp úr <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench (ættkvísl <i>Sorghum</i>, ætt grasætt).</p> <p>Sírópið er fengið úr stilkum af <i>S. bicolor</i> eftir notkun framleiðsluaðferða, s.s. mólun, útdráttur og uppgufun, þ.m.t. hitameðhöndlun, til að fá síróp sem er a.m.k. 74 Brix-gráður.</p> <p>Gögn um samsetningu síróps úr <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench</p> <p>Vatn: 22,7 g/100 g</p> <p>Aska: 2,4</p> <p>Heildarsýkur: > 74,0 g/100 g“</p>